

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Brønnøysund 29. mars 2019


Efni: Fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.). Umsögn AkvaFuture ehf., kt. 460917-0930, Glerárgötu 36, 600 Akureyri, á frumvarpi til laga (mál 647) lagt fyrir á 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Almennt um AkvaFuture og umhverfisvænt fiskeldi

AkvaFuture ehf. (hér eftir „AkvaFuture“) er dótturfélag norska félagsins AkvaDesign AS en það síðarnefnda hefur hannað og þróað lokaðar fiskeldiskvíar til laxeldis í sjó. Norsk stjórnvöld hafa staðfest að búnaðurinn uppfylli ýtrustu kröfur og staðla (NS 9415) um öryggi og rekstrarhagræði. Systurfyrirtæki AkvaFuture (AkvaFuture AS) stundar nú eldi í lokuðum kvíum á þremur stöðum í sveitarfélögunum Brønnøysund og Vevelstad í Nordland fylki í Norður-Noregi. Árið 2018 var um 3.500 tonnum af laxi sent til slátrunar frá fyrirtækinu og gera áætlanir ráð fyrir því að í ár verði framleiðslan að lágmarki 6.500 tonn. Eftir því sem AkvaFuture kemst næst hefur ekkert annað fiskeldisfyrirtæki sótt um leyfi á Íslandi til laxeldis í sjó í lokuðum kvíum.

Fyrirtæki sem rækta laxfiska í sjó hér á landi notast öll við hefbundnar opnar fiskeldiskvíar. Munurinn á búnaði AkvaFuture og opnum fiskeldiskvíum er í meginatriðum sá að laxinn er hafður í níðsterkum poka, gerðum úr trefjadúk (sjá mynd 1). Utan um trefjadúkinn er síðan höfð hefbundin fiskeldisnót, þannig að í búnaðinum felst tvöföld vörn gegn slyasleppingum. Inn- og útfæði sjávar í kvíarnar er stjórnað með fullkomnum tölvubúnaði og þar með er unnt koma í veg fyrir helstu vandamál sem fylgja framleiðslu í opnum fiskeldiskvíum. Á þeim sjö árum sem fyrirtækið hefur stundað eldi hefur laxalúsar aldrei orðið vart. Skýringar á þessum góða árangri er að leita í hugvitsamlegri hönnun kvíarinnar. Sjó er dælt af 25 metra dýpi þar sem lús þrífst ekki og fiskur

hefur ekki sloppið úr kvíum með núverandi hönnun.¹ Megnið af úrganginum sem fellur til við framleiðsluna er endurunninn og nýttur í framleiðslu lífoldsneytis sem strætisvagnar í Þrándheimi, þriðju stærstu borg Noregs, nýta til brennslu. Frekari upplýsingar um búnað AkvaFuture er hægt að finna á eftirfarandi hlekk: www.akvafuture.com/is og á heimasíðu lífefnaverksmiðjunnar Ecopro, sem tekur við úrganginum frá okkur: www.ecopro.no.



Mynd 1 Lokuð kví frá AkvaDesign AS

Lokaðar fiskeldiskvíar AkvaFuture eru dýrari í framleiðslu en hefðbundnar opnar fiskeldiskvíar. Þrátt fyrir hærri stofnkostnað vegna dýrari kvía bendir reynslan frá rekstrinum í Noregi til að framleiðslukostnaður á hvert kíló í eldi sé fyllilega samkeppnishæfur við eldisframleiðslu í opnum kvíum. Meginástæða þess að eigendur félagsins ákváðu að hanna og þróa þennan

¹ <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0044848616304537>

búnað var til að reyna að takmarka þau neikvæðu umhverfisáhrif sem framleiðsla laxfiska í sjó getur valdið lífríkinu í sjónum.

Stefnumótun norskra stjórnvalda varðandi vöxt í fiskeldi fram til ársins 2050 gerir ráð fyrir fimmföldun fiskeldis í sjó frá þeim u.þ.b. 1.300 þúsund tonnum sem nú eru framleidd árlega. Þrátt fyrir þessi metnaðarfullu markmið hafa stjórnvöld ekki veitt ný leyfi í hefðbundnum sjókvíum um nokkuð langt skeið. Þess ber þó að geta að á árinu 2018 var boðin út aukning til þeirra aðila sem þegar hafa leyfi. Þessi aukning var einungis boðin út á þeim svæðum þar sem laxalús hefur verið innan tiltekinna marka. Komið hefur verið upp svokallaðri „ljósastýringu“ þar sem eldissvæði fá ýmist rautt, gult eða grænt ljós eftir því hve mikil lúsaákoman er á eldissvæðum. Þá hafa verið veitt svo kölluð „græn“ leyfi, þar sem mjög strangar reglur, sérstaklega varðandi fjölda laxalúsa á fiski, gilda og hefur fyrirtækjum gengið misvel að uppfylla sett skilyrði varðandi lús á fiski.

Stjórnvöld í Noregi hafa gefið út reglugerð um svokölluð þróunarleyfi (utviklingstillatelser) og auglýstu í kjölfarið eftir umsóknum um leyfin. Fiskeldisfyrirtæki sóttu um þróunarleyfin vegna þróunar og prófana á nýjum búnaði sem dregur úr eða kemur í veg fyrir óæskileg umhverfisáhrif. Á vefsíðu hinnar norsku Hafrannsóknarstofnunar (Fiskeridirektoratet)² má sjá yfirlit yfir þær umsóknir sem stofnuninni hafa borist, en þær eru alls 104 til framleiðslu á ríflega 651 þúsund tonna lífmassa. Í öllum umsóknum er nýjum búnaði lýst þar sem fiskræktendur leggja sitt á vogarskálarnar við að próa nýja tækni og búnað til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif frá laxeldi. Yfirvöld eru ennþá að vinna úr umsóknum og því ekki enn ljóst hve mörgum þróunarleyfum verður úthlutað.

Almennt um frumvarpið

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir um fiskeldi:

Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein sem felur í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þarf að byggja upp með ýtrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Samhliða vexti greinarinnar þarf að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og eðlilega vöktun áhrifa á lífríkið. Eftir því sem fiskeldinu vex fiskur um hrygg þarf að ræða framtíðarfyrirkomulag gjaldtöku vegna leyfisveitinga.

Þær breytingar á fiskeldislögum sem sjávarúvegsráðherra hefur nú lagt fram á Alþingi og atvinnuveganefnd sent AkvaFuture til umfjöllunar bera það ekki með sér að verið sé að hugsa til framtíðar í fiskeldi á Íslandi. Ef Alþingi og ríkisstjórn Íslands stefna að því að skapa umhverfisvænan fiskeldisiðnað í samræmi við stjórnarsáttmálann þá nær þetta frumvarp ekki markmiðunum. Til að efla uppbyggingu umhverfisvæns fiskeldis er

² <https://www.fiskeridir.no/Akvakultur/Tildeling-og-tillatelser/Saertillatelser/Utviklingstillatelser/Soekere-antall-og-biomasse>

nauðsynlegt að líta til reynslu nágrannarþjóða Íslands sem hafa stundað fiskeldi í áratugi og læra af þeim mistökum sem þar hafa verið gerð. Hér er kjörið tækfæri fyrir ráðamenn að taka höndum saman og stýra fiskeldi í átt til umhverfisvænnar framleiðslu sem meiri sátt ríkir um.

AkvaFuture hefur lagt mikla vinnu og fjármuni í þróun og framleiðslu á framsæknum fiskeldisbúnaði með það að markmiði að takmarka neikvæð umhverfisáhrif af fiskeldisframleiðslu í sjó. Eins og að framan greinir þá hefur árangurinn verið góður og er fyrirtækið stolt af því að hafa náð markmiðum sínum sem leysa mörg umhverfisvandamál sem sjóeldi í hefðbundnum kvíum glímir við. Í þessu frumvarpi, sem og í frumvarpi um töku auðlindagjalds, þarf með skýrum hætti að gera ráð fyrir efnahagslegum hvötum til umhverfisvænna fiskeldis. Ef ekki er gert ráð fyrir skýrum efnahagslegum hvötum í nýrri löggjöf um fiskeldi, þá er hætt við að við Íslendingar verðum eftirbátar annara þjóða við þróun nýrrar tækni í fiskeldi og að fátt verði til að laða umhverfisvæn nýsköpunarfyrirtæki til að fjárfesta í fiskeldi á Íslandi.

Þegar rætt er um fiskeldi til framtíðar verður ekki hjá því komist að líta til þeirrar öru þróunar sem er í landeldi í heiminum. Meðvitaðir neytendur munu í framtíðinni líta mun meira til fisks sem alinn er í RAS (Recirculating Aquaculture Systems) kerfum á landi heldur en í opnum kerfum í sjó. Framkvæmdir eru hafnar á gríðarlega stórum fiskeldisstöðvum víðs vegar um heiminn og er landslagið í fiskeldisiðnaðinum að breytast mikið.³ Fátt er að finna í frumvarpinu um fiskeldi á landi sem verður að teljast mjög undarlegt. Með lögfestingu frumvarpsins færi íslenskt fiskeldi í opnum sjókvíum halloka í alþjóðlegri samkeppni við landeldi erlendis með RAS tækni sem snýr að endurnýtingu vatns. Margir neytendur telja laxfisk frá landeldi sjálbærari framleiðslu en fisk úr opnum sjókvíum og eru tilbúnir til að greiða hærra verð fyrir afurðina. Mikil þróun er einnig að eiga sér stað í fiskeldi í lokuðum kerfum í sjó og ef búnaðurinn er vel hannaður þá má jafna honum við landeldi og þau jákvæðu umhverfisáhrif sem slík framleiðsla hefur fram yfir fiskeldi í opnum sjókvíum. Annmarkar frumvarps þess sem hér er til umfjöllunar gera það að verkum að verið er að horfa til fortíðar en ekki framtíðar.

³ [11 Jain Innovations and Changes in the Investor Landscape for Aquaculture](#)

Einstakar greinar frumvarpsins

2. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipi fimm manna „samráðsnefnd“. Hér er búið að fækka nefndarfólki úr sjö í fimm frá frumvarpsdrögum sem birt voru á samráðsgátt stjórnarráðsins í desember.

AkvaFuture bendir á að hlutverk samráðsnefndar er mjög óljóst og spurning hver sé tilgangur með nefndinni. AkvaFuture telur jákvætt að sveitarfélögin fái aðkomu að samráðsnefndinni en telur einkennilegt að ekki skuli gert ráð fyrir fulltrúa frá umhverfísráðuneytinu þar sem undirstofnanir þess ráðuneytis hafa mikla aðkomu að umsóknarferli fyrir rekstrarleyfi fiskeldis. Einnig væri eðlilegt að fulltrúi frá óháðum náttúrverndarsamtökum ætti sæti í samráðsnefndinni.

Því er lagt til að 2. grein frumvarpsins hljóði þannig:

Ráðherra skipar samráðsnefnd um fiskeldi til fjögurra ára í senn. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar vegna málefna fiskeldis. Í því felst meðal annars að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggist á sem og önnur mál sem varða umhverfismál varðandi fiskeldi, svosem laxalús og úrgang. Í nefndinni eiga sæti sjö fulltrúar. Einn fulltrúi skal skipaður án tilnefningar og er hann formaður, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu umhverfísráðuneytis, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu náttúruverndarsamtaka og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar til vara skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal funda svo oft sem þurfa þykir. Formaður kveður hana saman til fundar. Kostnaður af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði en hver þeirra sem tilnefnir fulltrúa ber kostnað af störfum þess fulltrúa.

3. gr. frumvarpsins

Það er einnig óljóst í frumvarpinu hvernig stjórnvöld/ráðherra hyggjast beita handstýringu sinni við úthlutun eldissvæða. Þegar fyrirtæki hyggur á laxeldi á tilteknu strandsvæði eða firði og undirbýr tilboð í úthlutun er það í fullkominni óvissu um grunnforsendur fyrir sínu tilboði. Alls er óljóst hvering slík umbylting á úthlutun leyfa er í samræmi við ákvæði laga nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Ekki kemur fram í 3. gr. frumvarpsins hvort eða hvernig tilboðsgjafa ber að fylgja lögum um umhverfismat. Í skýringum um lagaákvæðið er lagt á Skipulagstofnun greiða úr þeirri óvissu sem upp kemur við úthlutun eldissvæða. Rekstrarforsendur eru þess utan að miklu leyti háðar því hvernig heildarnýting strandsvæðis verður háttað af hendi stjórnvalda. Kostnaður

vegna laxeldis ræðst að miklu af stærðarhagkvæmni og ekki síður útgjöldum við lúsavarnir. Spyrja má hvort ráðherra hyggist úthluta stærra strandsvæði með sameiginlegt straumakerfi til fleiri óskyldra rekstraraðila. Það er fullkomlega óljóst hvaða þættir munu ráða um mat á „bestu heildarnýtingu“. Eðlilegt væri að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefði aðkomu að slíku mati, því þarna þarf að taka tillit til rekstrarþátta ekki síður er lífræðilegra og vistræðilegra þátta.

Sé það vilji löggjafans að fiskeldi við strendur Íslands byggist á umhverfismat og eftir vísindalegri ráðgjöf, orkar það tvímælis að fjárhæð tilboðs sé sett fram sem veigamikill þáttur í mati tilboðanna. Þegar viðkvæmt lífríki við Íslandsstrendur er í húfi, ættu nýsköpunar- og umhverfissjónarmið að vera veigamestu þættir útboðsins, enda sé gjaldtöku stýrt gegnum auðlindafrumvarpið.

Þá er nauðsynlegt að fyrir liggi ítarleg reglugerð um skilmála í útboði þegar við gildistöku laganna til að lágmarka óvissu fyrirtækja sem hefðu áhuga á að hasla sér völl í fiskeldi við Ísland.

Í nágildandi lögum um fiskeldi segir í 5. gr. laganna að ráðherra hafi heimild til að skipta upp strandsvæðum ef vistfræðileg eða hagræn rök mæli með því. Ef vilji stjórnvalda er að handstýra atvinnugreininni finnst þannig heimild til þess í núverandi lagaramma. Hér skal á það bent að ráðherra hefur lagt fram sérstakt frumvarp um auðlindagjald í fiskeldi þar sem ríkissjóði eru tryggðar verulegar tekjur af starfsemi fyrirtækja í fiskeldi. Með því að gera ráð fyrir að fyrirtæki leggi fram fjárhagslegt tilboð í hafsvæði er hætt við því að stór fyrirtæki í krafti fjárhagslegs styrkleika yfirbjóði frumkvöðla og ný fyrirtæki í útboði. Því mætti túlka fjárhagslegt útboð sem inngönguhindrun inn í greinina í stað þess að skapa markmið til sjálfbærni í greininni.

4. gr. frumvarpsins

Kostnaður fyrirtækja við umhverfismat er verulegur og útkoma mats hefur afgerandi áhrif um mögulegt framleiðslumagn á viðkomandi svæðum. Niðurstöður umhverfismats gætu sýnt að svæði þoli minni eða meiri framleiðslu en burðarþolið gerir ráð fyrir. Það hlýtur að vera eðlilegt að úrskurður liggi fyrir um hvort svæði þurfi umhverfismat áður en það er boðið út. Hér ber því einnig að líta til framleiðsluaðferðar, því hægt er að nýta burðarþol á ólíka vegu með nýrri tækni í fiskeldi. Til að mynda hafa lokaðar kvíar AkvaFuture umtalsvert minni umhverfisáhrif en hefðbundnar opnar kvíar og eðlilegt að löggjafinn taki mið af því í lagasetningu að taka önnur málefna- og vísindaleg sjónarmið til greina við úthlutun leyfa og við mat á burðarþoli tiltekinna svæða.

7. gr. frumvarpsins

Áhættumat erfðablöndunar

AkvaFuture gerir kröfu um að lögin innihaldi heimild fyrir stjórnvöld til að taka mið af mismundi eldistækni. Þá er nauðsynlegt að fram komi í lögum að við áhættumat erfðablöndunar beri Hafrannsóknastofnun að taka tillit til mótvægisaðgerða sem fyrirtæki hyggjast eða hafa þegar gripið til. Eins og staðan er í dag þá hafa öll fiskeldisfyrirtæki á Íslandi notast við sömu tæknina, þ.e. opnar fiskeldiskvíar. Því er að vissu leyti skiljanlegt að ekki skuli vera gert ráð fyrir annarri tækni í núgildandi lögum. Öðru máli gegnir um nýja lagasetningu. Nú eru tímarnir breyttir og mikil þróun er að eiga sér stað í ýmiss konar útfærslum á lokuðum kerfum í sjó. AkvaDesign AS (móðurfélag AkvaFuture) er einna fremst í heiminum í þróun á slíkri tækni, eins og fram hefur komið, og því er ljóst að umhverfisáhrif lokuðu fiskeldiskvíanna eru margfalt minni en opinna. Hægt er að færa sterk rök fyrir því að áhættumat erfðablöndunar ætti að taka mið af því hvort um sé að ræða opna fiskeldiskví eða lokaða, þar sem umhverfisáhrifin og áhættan á slysasleppingum eru mjög ólík eftir því við hvort kerfið er miðað. Til þess ættu lögin að taka tillit í mati sínu. Frá því AkvaFuture hóf eldi á laxi í stórum stíl í lokuðu kvíunum hefur ekki sloppið fiskur úr þeim. Að því sögðu þá mætti hugsanlega auka lífmassa frjórra laxa í sjó í slíku tilfalli án þess að það hefði neikvæð áhrif á niðurstöðu áhættumatsins.

Burðarþolsmat

Hér er aftur bent á nauðsyn þess að taka tillit til hvers konar búnaður sé nýttur til eldis á tilteknum svæðum. Lokað fiskeldiskerfi í sjó safnar saman úrgangi, dælir honum upp á land og nýtir hann ýmist í moltu eða til framleiðslu lífeldsneytis. Lög sem horfa til framtíðar í fiskeldi verða að innihalda heimild fyrir stjórnvöld til að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Ef fleiri fyrirtæki myndu síðan fylgja í fótspor AkvaFuture þá væri mögulega hægt að auka framleiðslu á hverju svæði fyrir sig.

Óljóst er af lagatextanum hvort Hafrannsóknarstofnun skuli innheimta sérstakt gjald fyrir hlutverk sitt. Ef svo er má velta því upp hvort stofnunin þyrfti að aðgreina það sérstaklega í bókhaldi stofnunarinnar eða hvort ætlunin sé að nýta fjármuni Umhverfissjóðs sjókvíeldis til að fjármagna þessa starfsemi. Þetta þarf að vera skýrt í lögum.

Þá hvetur AkvaFuture löggjafann að hafa ákvæði sem ítarlegust varðandi notkun og framkvæmd mats á burðarþoli í lögum í stað þess að heimila ráðherra að ákveða fyrirkomulagið í reglugerð.

Tillaga til viðbótar við 8. grein:

Við gerð burðarþolsmats fyrir svæði sem bjóða skal út með ströngum umhverfisskilyrðum skal Hafrannsóknastofnun taka mið af þeim kröfum við gerð áhættumats og burðarþols fyrir þau svæði.

9. gr. frumvarpsins

Níunda grein frumvarpsins kveður á um að fiskeldisfyrirtæki eigi að bjóða í eldissvæði eftir ákveðnum reglum. Síðan geri fyrirtækið umhverfismat vegna eldis á ákveðnum svæðum og sæki loks um rekstrarleyfi. Spyrja má hvort sú staða gæti komið upp að fyrirtæki sé úthlutað eldissvæði og það síðan dæmt óhæft til að stunda fiskeldi þegar kemur að umsókn um rekstrarleyfi? Gerð er krafa um skýrleika í lögum þannig að aðstæður eins og hér er lýst komi ekki upp.

AkvaFuture gerir athugasemd við að í frumvarðinu sé gerð krafa um að eiginfjárlutfall skuli vera að lágmarki 30%. AkvaFuture er nýsköpunarfyriræki sem vinnur að metnaðarfullum markmiðum í fiskeldi með umhverfisvernd að leiðarljósi. Það er algengt að nýsköpunarfyrirtæki séu fjármögnuð í áföngum og því getur eiginfjárfestingin verið undir viðmiðinu á ákveðnum tímabilum vegna þyngra fjárfestinga sem nauðsynlegar eru til uppbyggingar rekstrarins og jafnvel fyrirbyggjandi skriflegir samningar sem tryggja áframhaldandi fjármögnum að uppfylltum fyrirframgreindum áföngum í rekstri. Það getur því verið aðgangshindrun fyrir ný og smærri fyrirtæki sem eru að reyna að hasla sér völl í fiskeldi að lögin geri kröfu sem þessa. Stjórnvöld ættu t.d. að geta tekið mið af sterkri og sannfærandi fjárfestingaáætlun sem gæti þá vegið þyngra í matinu en lágmarks eiginfjárfestingu. Einnig gæti verið eðlilegt að skoða hverjir stærstu hluthafar viðkomandi félags eru. Ef til að mynda dótturfélag er í meirihlutaeigu móðurfélags þá væri eðlilegt að taka eiginfjárfestingu móðurfélagsins til álita í matinu þar sem dótturfélagið gæti verið fjármagnað að öllu leyti með lánsfé frá móðurfélaginu.

10. gr. frumvarpsins

AkvaFuture vekur athygli á því að Norðmenn hafa sett ströng skilyrði fyrir flutningi lifandi fisks milli svæða til að hindra útbreiðslu sjúkdóma sem komið hafa upp í eldi þar við land. Fram til þessa hefur tekist að fyrirbyggja veirusýkingar í eldisfiski við strendur Íslands, en allar nágrannarþjóðir glíma við slíka sjúkdóma. Með vaxandi laxeldi í sjó er þetta því mikill áhættuþáttur sem þarf að fyrirbyggja með öllum ráðum. Því væri það skynsamlegt, til að draga úr hættu á útbreiðslu sjúkdóma, að landinu yrði skipt upp í aðskilin smitsjúkdómasvæði sem gæti fyrirbyggt algert hrun atvinnugreinarinnar komi upp sjúkdómar.

11. gr. frumvarpsins

AkvaFuture vill benda á að með ótímabundinni úthlutun er verið að skipuleggja nýtingu strandsvæða til ótiltekings tíma og því er mikilvægt að gætt sé að ákvæðum laga nr. 88/2018 um skipulag haf og strandssvæða.

19. gr. frumvarpsins

AkvaFuture vill benda á að það er fráleitt að setja lokuðu kvíar AkvaFuture undir sama hatt og framleiðslu á ófrjóum laxi og regnbogasilungi í opnum fiskeldiskvíum. Eins og tafla 1 sýnir þá er eina vandamálið sem leysist umfram vandamál sem framleiðendur sem notast við opnar fiskeldiskvíar glíma við, er að framleiðsla ófrjós lax eða regnbogasilungs í opnum fiskeldis-kvíum er laus við hættuna á erfðablöndun við villta stofna.

Tafla 1

Samanburður á fiskeldisaðferðum								
Tegund eldis	Möguleiki á sleppingum	Hætta á erfðablöndun v. villta stofna	Losun úrgangs stjórnað	Lúsavandamál möguleg	Notkun eiturefna v. lúsafaraldra	Hrindrun að sjúkd. berist í umhverfið	Góð fóðurnýting	Há afföll í framleiðslu
Opnar fiskeldiskvíar m. frjóan lax	X	X	0	X	X	X	0	X
Opnar fiskeldiskvíar m. geldfisk/regnbogas.	X	0	0	X	X	X	0	X
Lokaðar fiskeldiskvíar AkvaFuture	0	0	X	0	0	0	X	0
Fiskeldi á landi	0	0	X	0	0	0	X	0

X = Já
0 = Nei

Möguleikinn á lúsavandamálum er ennþá til staðar í framleiðslu á ófrjóum laxi og regnbogasilungi og þar með sterkar líkur á að nauðsynlegt verði að meðhöndla fisk með lyfjum eða öðrum efnum til að koma í veg fyrir útbreiðslu á lús, sama magn af úrgangi fellur til og hættan við útbreiðslu sjúkdóma er ennþá til staðar. Fóðurnýting er jafn slæm og afföll í framleiðslu líklega sambærileg. Einnig skal bent á að ófrjór lax og regnbogasilungur sem sleppa og hugsanlega veiðast í ám landsins munu eflaust vekja sömu hörðu viðbrögð hjá náttúruverndarsinum og veiðiréttarhöfum og þegar frjór lax veiðist. Ekkert af þessum vandamálum á við um framleiðslu í lokuðum fiskeldiskvíum AkvaFuture. AkvaFuture bendir á að ekki hefur enn tekist að framleiða ófrjóan laxastofn sem uppfyllir þær kröfur sem fyrirtækið gerir til eldisfisks með tilliti til affalla, nýtingu fóðurs og almennrar fiskivelferðar. Þróun svokallaðs þrílitna lax er komin nokkuð á veg, en talsverð vandamál hafa fylgt þessari tegund ófrjós fisks og má í því sambandi nefna hægari vöxt, meiri afföll og minna þol gegn ýmsum sjúkdómum auk þess sem stoðkerfi fisksins er veikt.

AkvaFuture finnst ótækt og beinlínis rangt að í frumvarpinu skuli verið að jafna framleiðslu í lokuðum fiskeldiskvíum við framleiðslu í opnum fiskeldiskvíum með ófrjóan lax og regnbogasilung. Hér er verið að bera saman tvo mjög ólíka hluti og setja þá í sama flokk án nokkurs rökstuðnings. AkvaFuture getur sýnt fram á það með margra ára rannsóknum og prófunum á búnaði sínum með góðum árangri að nær

ekkert af þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem fylgja framleiðslu í opnum fiskeldiskvíum í sjó eiga við um búnað þeirra. Ekki er vitað til þess að fiskeldi á Íslandi hafi notast við ófrjóan lax hingað til og því virðist þetta ákvæði vera byggt á von um að það muni ganga. Það má velta upp spurningunni hvað ætti við ef AkvaFuture myndi ákveða að nota ófrjóan fisk í lokuðum kvíum fyrirtækisins. Mætti þá ekki færa rök fyrir því að félagið þurfi ekki að borga neitt gjald skv. 19. gr. frumvarpsins.

AkvaFuture leggur til breytingu á 19. grein frumvarpsins:

Rekstrarleyfishafi sem elur frjóan lax í opnum kvíum í sjó skal greiða árlegt gjald að upphæð 20 SDR fyrir hvert tonn af lífmassa sem er í sjó í lok hvers ársfjórðungs. Rekstrarleyfishafi sem elur ófrjóan lax og regnbogasilung í opnum kvíum í sjó skal greiða árlegt gjald að upphæð 15 SDR fyrir hvert tonn af lífmassa sem er í sjó í lok hvers ársfjórðungs. Rekstrarleyfishafi sem elur laxfisk í lokuðum sjókvíum skal greiða árlegt gjald að upphæð 10 SDR fyrir hvert tonn af lífmassa sem er í sjó í lok hvers ársfjórðungs. Við umreikning í íslenskar krónur skal miða við miðgengi íslensku krónunnar. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

23. gr. a (1) frumvarpsins

AkvaFuture gerir alvarlegar athugasemdir við þessa grein þar sem óeðlilegt er að fyrirtæki sem eru að vinna í umhverfismati skv. núgildandi lögum og reglum fái ekki að halda þeirri vinnu áfram þar sem Skipulagsstofnun hefur staðfest tillögu til matsáætlunar þrátt fyrir að burðarþolsmátið liggja ekki fyrir.

Forsvarsmenn AkvaFuture ehf. öfluðu álits lögmanns á því hvort boðaðar breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi geti haft þau áhrif að vinna fyrirtækisins við frummatsskýrslu fyrir fiskeldi í Eyjafirði ónýtist. Eins var kannað hvort að breytingin geti leitt til bótaskylds tjóns fyrir fyrirtækið með því að mismuna því með ólögumætum hætti miðað við önnur fyrirtæki í sambærilegri aðstöðu varðandi breytingu 22. gr. og 3. gr. núgildandi laga um fiskeldi nr. 71/2008. Niðurstöður álitsins gáfu það til kynna að mögulega væri íslenska ríkið bótaskyld ef lögmaetar væntingar fyrirtækisins yrðu að engu með lagabreytingunni og félagið myndi tapa miklum fjármunum þar sem vinna sem hefur nú þegar farið fram yrði að engu

Einnig má benda á að Ísafjarðardjúp hefur verið burðarþolsmetið en liggja engar gildar umsóknir fyrir. Sama á við um fleiri firði s.s. Seyðisfjörð og Stöðvarfjörð.

Samantekt

Það liggur fyrir að nýsköpun í eldistækni er að fullu samkeppnishæf við eldistækni í opnum eldiskvíum þegar kostnaður við varnir og tjón vegna laxalúsar er tekið með í reikninginn. Því er fráleitt að stjórnvöld líti ekki meira til þess í endurskoðun laga um fiskeldi. Sérstaklega vegur það undrun vegna áherslu á umhverfissjónarmið og sjálfbærni í fiskeldi í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

AkvaFuture skorar því á sjávarútvegsráðherra, þingmenn, starfsmenn Hafrannsóknastofnunnar, starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, skipulagsstofnunar og matvælastofnunar að þiggja heimboð AkvaFuture til Noregs og kynna sér lausnir fyrirtækisins til að öðlast meiri skilningi á þeim lausnum sem fyrirtækið fer fyrir. Frumvarp það sem hér er lagt fram ber ekki með sér að raunverulegur vilji sé fyrir hendi til að greiða götu fyrirtækja sem eru að reyna að koma á fót nýjum búnaði í lokuðum fiskeldiskvíum með það að markmiði að takmarka umhverfisáhrif á framleiðslu laxfiska í sjó.

AkvaFuture ítrekar ofangreindar athugasemdir og hvetur stjórnvöld til þess að kynna sér vel, áður en til lagasetningar kemur, tækni með lokaðar kvíar sem uppfylla sambærilegar kröfur og búnaður AkvaFuture gerir. Lögin verða að taka mið af raunverulegum aðstæðum varðandi gjalddtöku og miða við raunverulegt framleiðslumagn en ekki heildarmagn heimilaðs lífmassa í rekstrarleyfi. Jafnframt er bent á að óeðlilegt er að leggja til jafns framleiðslu á ófrjóum fiski og eldi í lokuðum fiskeldiskvíum þar sem um gjörólíka hluti er að ræða.

Fátt í þessu frumvarpi fjallar um nýja tækni í fiskeldi í lokuðum kvíum. Það er skammsýnt ef löggjafinn samþykkir lög sem kveða ekki á um möguleikana á betri nýtingu eldisvæða sem hægt er að ná með umhverfisvænni tækni en nú er notast við á Íslandi. Það væri til mikilla bóta ef ákveðin svæði, þar sem fiskeldi er fyrirhugað verði skilin frá fyrir umhverfisvænt eldi, þar sem gerð er krafa til eldisfyrirtækja að þau notist við búnað sem útilokar laxalús, hindri slysasleppingar og safni upp úrgangi til endurvinnslu.

Ísland er í kjörinni stöðu til að laða fiskeldisfyrirtæki til landsins sem framleiða laxfiska með umhverfisvænum lausnum. Það gefur augaleið að ef enginn hvati er fyrir hendi fyrir fyrirtæki að koma hingað til lands með umhverfisvænni búnað en þær hefðbundnu opnu fiskeldiskvíar sem öll íslensku fyrirtækin nota, þá mun engin gera það. Fari þetta frumvarp í gegnum þingið óbreytt þá eru yfirgnæfandi líkur á að AkvaFuture neyðist til að endurskoða áform sín hér á landi þar sem kvaðirnar eru of miklar, kostnaðurinn of hár og efnahagslegi hvatinn til nýsköpunar og umhverfissjónarmiða of lítill. Íslensk stjórnvöld ættu að vera brautryðjendur í umhverfisvænu fiskeldi í sjó með lokuðum lausnum og þá væri hægt að marka eldisafurðum frá Íslandi algera sérstöðu á erlendum mörkuðum.

Að lokum þakka forsvarsmenn AkvaFuture atvinnuveganefnd fyrir að hafa fengið tækifæri til að senda inn umsögn um frumvarpið og óska eftir að eiga fund með nefndinni til að kynna frekar sjónarmið fyrirtækisins varðandi þetta mikilvæga mál.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd AkvaFuture ehf.



Rögnvaldur Guðmundsson,
framkvæmdastjóri